

**LÖG**  
**FÉLAGS ELDRI BORGARA Á AKRANESI OG NÁGRENNI (FEBAN)**

**I. kafli**

**Nafn félagsins og tilgangur**

1. gr.

Félagið heitir Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni, skammstafað FEBAN. Heimili þess og varnarþing er á Akranesi. Félagið var stofnað 5. febrúar 1989.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að almennum hagsmunum og félagsmálum eldri borgara á Akranesi og nágrenni, hvort heldur er á starfssvæði félagsins eða landsvísu, óháð stjórnmálflokkum og trúmálum.

Félagið skal vera umsagnaraðili um málefni aldraðra gagnvart sveitarstjórnum, nefndum og ráðum Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar.

FEBAN er aðili að landssamtökum um málefni aldraðra.

**II. kafli**

**Hlutverk FEBAN**

3. gr.

Hlutverk félagsins er að gæta í hvívetna hagsmuna eldra fólks, vinna að heilsubætandi verkefnum, fjölbreyttum námskeiðum, viðburðum og menningarlífi. Verkefnin felast m.a. í að:

- a) Vekja athygli á og vinna að hvers kyns umbótum á umhverfi, efnahagslegri afkomu, aðbúnaði og öryggi aldraðra.
- b) Skipuleggja og efla félags-, vinnu- og tómstundaaðstöðu eldri borgara, hvort heldur er á vegum félagsins og utan þess.
- c) Hvetja fólk að undirbúa eftirlaunaaldurinn af fyrirhyggju m.a. með leiðbeiningum og námskeiðum.
- d) Álykta um og láta sig varða hagsmuni aldraðra eftir því sem tilefni er til, m.a. varðandi almannatryggingar, lífeyrismál, heilbrigðismál og ýmis réttindi hjá ríki og sveitarfélögum.
- e) Beita sér fyrir bættum ferlimálum aldraðra og hreyfihamlaðra.
- f) Eiga samstarf við aðila sem vinna að hagsmunamálum og þjónustu við aldraða á Akranesi og nágrenni, svo sem félagsstarf aldraðra, heimaþjónustu og heimahjúrun.
- g) Eiga samstarf við nefndir og ráð Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar, sem vinna að málefnum aldraðra.
- h) Stuðla að öllum þeim málum sem hafa jákvæð áhrif á aðbúnað, lífsleikni og þjónustu við eldri borgara.
- i) Stuðla að skipulagðri líkamsþjálfun og útvist í m.a. samvinnu við Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit.

**III. kafli**

**Skilyrði aðildar**

4. gr.

Rétt til að gerast félagar í FEBAN eiga þeir sem náð hafa 60 ára.



#### **IV. kafli Aðalfundur**

##### **5. gr**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda ár hvert fyrir 1. apríl og boða til hans með sannanlegum hætti svo sem auglýsingu í blöðum, á heimasíðu félagsins eða með tölvupósti, að lágmarki með einnar viku fyrirvara. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á aðalfundi og félagsfundum. Lögum félagsins verður þó aðeins breytt með tveim þriðju hlutum atkvæða þeirra félagsmanna sem mættir eru á aðalfund.

Tillögur um breytingar á lögum þessum skal kynna félagsmönnum með almennri auglýsingu a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu breytingar liggja frammi á skrifstofu félagsins á þeim tíma. Tilkynna ber í fundarboði aðalfundar að lagabreytingar verði lagðar fram. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- a. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b. Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- c. Lagður fram ársreikningur ásamt áritun skoðunarmanna.
- d. Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og samþykkt ársreiknings.
- e. Ákvörðun félagsgjalds.
- f. Kosning formanns, þegar það á við, til tveggja ára.
- g. Kosning 2ja fulltrúa í stjórn til tveggja ára.
- h. Kosning fimm varafulltrúa í stjórn.
- i. Kosning 3ja fulltrúa í kjörnefnd.
- j. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara
- k. Lagabreytingar
- l. Önnur mál.

#### **V. kafli Stjórn, kjörnefnd, félagsfundir og fjárreiður**

##### **6. gr.**

Stjórn félagsins skipa fimm fulltrúar, sem kosnir eru á aðalfundi og fimm til vara.

Um kosningu til stjórna og kjörgengi stjórnarfólks gildir eftirfarandi:

- a) Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi til tveggja ára. Formaður skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil samfleytt.
- b) Almennt stjórnarfólk er kosið til tveggja ára í senn og skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil samfleytt.
- c) Tímamörk á setu í stjórn eða formennsku eru sjálfstæð tímamörk varðandi embætti formanns og stjórnarsetu.
- d) Varafulltrúar í stjórn eru kosnir til eins árs í senn.

Eingöngu félagsmenn eru kjörgengir í stjórn félagsins. Stjórnin skipar með sér verkum og kýs varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda.

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Varafulltrúar taka sæti á stjórnarfundi í þeirri röð sem þeim er stillt upp eða kosnir á aðalfundi. Sitji varamenn fundi stjórnar án þess að þeir skipi sæti aðalmanns þá hafa þeir í slíku tilviki málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.



7. gr

Á aðalfundi skal kjósa þriggja manna kjörnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir framboðum til trúnaðarstarfa fyrir félagið, stjórn, varastjórn, kjörnefndar og skoðunarmanna. Nefndin skal tryggja að á aðalfundi verði að lágmarki tillaga um fulltrúa í öll trúnaðarstörf félagsins. Stjórn félagsins skipar fulltrúa til setu á fundum landssamtaka, fulltrúa í nefndir á vegum félagsins, fulltrúa í Öldungaráð Akraneskaupstaðar og starfshópa sem stofnaðir eru hverju sinni.

8. gr.

Stjórn félagsins boðar til almennra félagsfunda svo oft sem þurfa þykir og skulu félagsfundir boðaðir með sannanlegum hætti og með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Félagsfundur getur gert samþykktir um mál, önnur en þau sem eru hlutverk aðalfundar að fjalla um.

Ef minnst 5% fullgildra félagsmanna óska þess skriflega og tilgreina fundarefní skal boða til félagsfundar innan tíu daga frá móttöku beiðninnar.

9. gr.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárrreiðum þess og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum. Öll meiri háttar mál skal bera undir félagsfund.

Tekjur félagsins eru félagsgjöld, framlög, gjafir og styrkir. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal borin upp tillaga að félagsgjöldum FEBAN.

**VI. kafli**

**Félagsslit**

10. gr.

Komi fram tillaga um slit félagsins, skal slík tillaga kynnt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og sæta sömu meðferð og tillaga um breytingar á lögum félagsins. Við slit félagsins skulu eignir þess renna til almennra hagsmunamála aldraðra á starfssvæði félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi FEBAN þann 22. mars 2024 og þannig birt á heimasiðu félagsins.

Ákvæði til bráðabirgða vegna aðalfundar FEBAN 2025:

- Á aðalfundi ársins 2025 skal, þrátt fyrir ákvæði g-liðar 4. greinar, kjósa tvo fulltrúa í stjórn til eins árs og tvo til tveggja ára.
- Ákvæði þetta fellur úr gildi að loknum aðalfundi 2025.

Lög FEBAN þannig samþykkt á aðalfundi félagsins

Pann 22. mars 2024

Nafn, fundarstjóri

Nafn, ritari